

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Utanríkismálanefnd Alþingis,
Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 152. löggjafarþing 2021-2022. Þskj. 90-90. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar tillögu til þingsályktunar um að Ísland undirriti og fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum og hvetur til þess að hún verði samþykkt hið fyrsta. Um er að ræða sögulegan samning sem öll lönd ættu að styðja til fulls og koma þannig í veg fyrir frekari þróun, vörslu og notkun kjarnavopna. Undirritun og fullgilding samningsins færir okkur skrefi nær heimi sem er laus við hrylling kjarnorkuvopna.

Þess má geta að Íslandsdeild samtakanna skilaði inn umsögn um áþekkar tillögur á fyrri þingum,, seinast á 150. löggjafarþingi 2019-2020, þskj. 70-70. mál. Afstaða deildarinnar er sú sama og þá.

Amnesty International tók á heimsþingi samtakanna árið 2003 ákvörðun um að andmæla notkun, vörslu, framleiðslu og flutningi á kjarnorkuvopnum. Samtökin hafa mótmælt notkun allra handahófskenndra vopna, svo sem jarðsprengja og klasasprengja. Kjarnorkuvopn falla undir þá skilgreiningu en slík vopn þyrma engum sem fyrir þeim eða geislum frá þeim verður.

Kjarnorkuvopn eru skaðlegustu, ómannúðlegustu og handahófskenndustu vopn sem hönnuð hafa verið. Bæði umfang þeirrar eyðileggingar sem þau valda strax við sprengingu og sú hættu sem stafar af geislavirku ofanfalli sem hefur varanleg og erfðafræðilega eyðileggjandi áhrif, veldur borgurum ólíðandi skaða. Í ljósi þess að beiting kjarnorkuvopna hefði víðfeðm áhrif og skelfilegar afleiðingar fyrir menn og umhverfi er það á ábyrgð stjórnvalda að eyða allri slíkri hættu í samræmi við skyldur þeirra gagnvart mannúðarlögum.

Virðingarfyllst,

Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslandsdeildar Amnesty International